**Sþ. 601. Þingsályktun [129. mál]**

um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarhérað til Vestur- og Norðurlands.

(Afgreidd frá Sþ. 30. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt unnt sé að stytta landleiðina frá Reykjavík til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands. Skal í því sambandi meðal annars athuga möguleika á framkvæmd og kostnaði við endurbót á veginum um framanverðan Svínadal og Geldingadraga, brúargerð yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og að komið yrði á ferju yfir Hvalfjörð milli Hvalfjarðareyrar og Kataness.